



Selfossi 19. apríl 2016

Fundargerð stjórnar

4. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2016, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Jón Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Harðardóttir og Eyþór H. Ólafsson boðuðu forföll.

Gestur: Auðunn Guðjónsson frá KPMG

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15

1. Ársreikningur 2015

Auðunn lagði fram ársreikning 2015. Umræða um einstaka liði. Lífeyrisskuldbindingar eru í skoðun og breyting væntanleg fyrir næsta ár. Auk þess eru nýsamþykktir kjarasamningar slökkviliðsmanna afturvirkir til 1.maí 2015 sem hafa áhrif á launalið ársins 2016. Niðurstaða ársreiknings er í takt við fjárhagsáætlun 2015 að flestu leiti en áfallinn launakostnaður vegna starfslokasamnings er stærsta ástæða taps á rekstri. Sá kostnaður kemur til greiðslu að stórum hluta árið 2016. Samþykkt að meta þegar líður á árið hvort endurskoða þurfí fjárhagsáætlun 2016 vegna þessara atriða.

Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður.

2. Slökkvistöðvarmál í Árnesi

Pétur fór yfir samning við Búnaðarfélag Gnúpverja vegna byggingar á nýrri slökkvistöð í Árnesi. Samþykkt að vísa til Héraðsnefndar og óska eftir heimild til lánveitingar vegna kaupa á slökkvistöðinni.

3. Viðauki við þjónustusamning við Landsvirkjun

Pétur kynnti viðauka við þjónustusamning við Landsvirkjun. Samþykkt að kynna hann fyrir Héraðsnefnd á vorfundi.

4. Önnur mál

Umræða um Almannavarnir Árnessýslu.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 25.maí kl. 8:15

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:35

Ari Björn Thorarensen
Brunavarnir Árnessýslu

Jón Valgeirsson
Pétur Pétursson
Unna Björgmundsdóttir

